

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Víðidalstunguheíðar.

1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Víðidalstunguheíðar. Heimili þess og varnarþing er í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Félagið tekur yfir öll vötn, ár og læki ásamt öllu vatnakerfi Víðidalstunguheíðar í Húnaþingi vestra, auk eyðijarðanna Gafls, Lækjarkots, Öxnatungu, Stóru-Hlíðar, Króks og Stóra-Hvarfs. Aðild að félaginu eiga lögbyli með upprekstrarrétt á Víðidalstunguheíði. Þau eru: Auðunnarstaðir I, Auðunnarstaðir II, Árnes, Bakki, Birkihlíð (S), Brautarland, Brún (S), Dæli, Efri-Fitjar, Enniskot, Galtarnes, Gröf, Hrappsstaðir, Hrísar I, Hrísar II, Hvarf, Jörfi, Kambshóll, Kolugil, Syðra-Kolugil, Krókar, Laufás, Litla-Ásgeirsá, Litla-Hlíð, Lækjamót, Melrakkadalur syðri, Mekrakkadalur ytri, Miðhóp, Neðri-Fitjar, Nýpukot, Refsteinsstaðir, Sólbakki, Sporður, Stóra-Ásgeirsá, Stórhóll, Valdarás syðri, Valdarás ytri, Víðidalstunga, Víðidalstunga II, Víðigerði (S), Þorkelshóll I, Þorkelshóll II og Þórukot.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir hverju sinni. Einnig skal félagið leitast við að gera samninga um nýtingu og skipulag veiða í þeim ám og vötnum sem liggja á mörkum félagssvæðisins. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn þriðji eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára í senn þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið, en hinir hitt árið. Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda ekki síðar en í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

8. gr.

Arður af sameiginlegri veiði skal renna til sveitarsjóðs Húnaþings vestra, enda ber sveitarsjóður kostnað er verður af starfsemi félagsins.

Aðalfundur ákveður hverju sinni hvað lagt er til fiskiræktar eða annarra umbóta á félagssvæðinu.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði ásamt síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. desember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

Við reglugerðina bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákveða má að í 10. flokki 2000 skuli að loknum útdrætti samkvæmt a) - f) liðum 1. mgr. 13. gr. draga sérstaklega út tiltekinn fjölda vinninga þannig að valdar eru tveggja stafa tölur.

Valið fer fram með notkun átta hólfa stokks og er sú tala, sem fram kemur og síðustu tveir stafir mynda, skráð. Lesið skal frá þeim enda stokksins sem fjær er snúningshnúð. Val er endurtekið þar til tilskilinn fjöldi talna hefur fengist. Tölurnar verða hluti af vinn-ingaskrá, en þær vísa til síðustu tveggja tölustafa í hverju miðanúmeri. Þau miðanúmer sem þannig er vísað til eru vinningsnúmer.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959, öðlast gildi 1. janúar 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 1999.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.